

Stefnandinn Jónas Björnsson greiði Viglundi Guðmundssyni 350 krónur í málskostnað, en málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1948.

Nr. 55/1948. **Réttvísing og valdstjórnin**

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Finnboga Guðmundssyni og Óskari Lárusyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða Finnboga Guðmundssonar þykir með hliðsjón af 255 gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verða ákærðu dæmdir til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Finnbogi Guðmundsson sæti fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærðu, Finnbogi Guðmundsson og Óskar Lárusson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. júlí 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 3. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2321—2/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Finnboga Guðmundssyni og Óskari Lárussyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Finnboga Guðmundssyni sjómanni og Óskari Lárussyni verkamanni, Þvervegi 2, báðum hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögun nr. 33 9. janúar 1935, svo og, að því er snertir ákærða Finnboga, einnig fyrir brot gegn reglugerð nr. 164 2. október 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir kominir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Finnbogi er talinn fæddur 18. maí 1921 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1935 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir þjófnað á dúfum.
- 1936 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið sent barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.
- 1937 $1\frac{1}{8}$ Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi dóms-málaráðuneytisins í bréfi $1\frac{1}{8}$ 1937.
- 1939 Fjórum sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1940 $2\frac{3}{4}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Skilorðsbundið fyrir þjófnað, hilmingu og lögreglubrot.
- 1940 Tvisvar sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 Sex sinnum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1942 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1943 $2\frac{5}{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegn-ingarlaganna, 245. gr.
- 1944 $1\frac{1}{2}$ Dómur sama réttar, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosninga-rétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1944 Fjórum sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almanna-mannafæri og tvisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og óspektir.
- 1945 Einu sinni 100 kr. sekt og einu sinni 200 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og óspektir.
- 1945 Einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og brot gegn 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

- 1945 Tuttugu og þrem simum 50 kr. sekt og tvisvar simum 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 Átta simum 50 kr. sekt og fjórum simum 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 Sjö simum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

- 1944 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir ólögleg áfengis kaup.

Ákærði Óskar er talinn fæddur 6. ágúst 1905 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1929 Einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1932 $3\frac{3}{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga skilorðsbundið fyrir þjófnað.
- 1933 $1\frac{1}{2}$ Dómur hæstaréttar 45 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, skilorðslaust.
- 1933 Einu sinni 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 Einu sinni 25 kr. sekt, einu sinni 40 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri, svo og einu sinni 200 kr. sekt með sátt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1936 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{10}$ 1936.
- 1938 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir refjar um að greiða ökugjald. Látið falla niður, með því að kærði greiddi kröfuna.
- 1938 $\frac{1}{6}$ Kærður fyrir svik. Látið falla niður, með því að hér sýndist um ölæðisverknað vera að ræða. Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir 17. gr. áfengislaganna. Einu sinni kærður fyrir ölvun innanhúss og látið falla niður.
- 1939 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og tvisvar kærður fyrir ölvun innanhúss, sem látið var falla niður.
- 1940 Tvisvar simum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri og einu sinni kærður fyrir pretti, sem afgreitt var með 10 kr. skaðabótageiðslu.
- 1941 Þrisvar simum 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Tvisvar simum kærður fyrir vanskil á ökugjaldi, en kærði greiddi kröfurnar og féllu málin niður.
- 1942 Tvisvar simum 25 kr. sekt og einu sinni 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun í bifreið og vanskil á ökugjaldi, en lokið, með því að kærði greiddi kröfuna. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.
- 1943 Einu sinni 500 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 108. grein hegningarláganna. Fjórum simum 50 kr. sekt og einu

- sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.
- 1944 Einu sinni 25 kr. sekt, þrisvar sinnum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun innan húss, en fellt niður.
- 1945 Tíu sinnum 50 kr. sekt og einu sinni 75 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni 10 kr. sekt með sátt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Tvisvar sinnum kærður fyrir ölvun í bifreið, en fellt niður.
- 1946 Sjö sinnum 50 kr. sekt, einu sinni 75 kr. sekt og einu sinni 100 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri. Einu sinni kærður fyrir ölvun í heimahúsum, en fellt niður.
- 1947 Þrisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Utan Reykjavíkur:

- 1937 $\frac{3}{8}$ Þingeyjarsýsla, sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr., sbr. 29. gr., og 27. gr. 2. tl. laga nr. 33 1935.
- 1928—1939 Siglufjörður, einu sinni 25 kr. sekt og tvisvar sinnum 50 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1926 $\frac{1}{4}$ Vestmannaeyjar. Dómur 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna.
- 1935 $\frac{5}{7}$ Vestmannaeyjar. Dómur, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1936 $1\frac{1}{12}$ Vestmannaeyjar. Dómur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
- 1943 Einu sinni 25 kr. sekt með sátt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 3 aðfaranótt laugardags 7. f. m. voru ákærðu, Finnþogi Guðmundsson og Óskar Lárusson, staddir við Eimskipafélagshúsið hér í bæ, og var sá fyrrnefndi áberandi ölvaður. Danskur maður, Richard Gyldendahl Andersen mjólkuriðnaðarmaður, til heimilis að Selfossi í Árnessýslu, sem hafði verið á dansleik um nóttina, gekk þar fram hjá þeim. Var hann mjög drukkinn og var hann með flösku, sem sterkt vín var í, í vasanum. Ákærðu gáfu sig á tal við hann, og gaf hann þeim að drekka úr flöskunni. Þeir héldu síðan allir að bröggum fyrir norðan Tryggvagötu, og hefur ákærði Finnþogi borið, að ástæðan til þess að þeir fóru þangað, hafi verið sú, að Andersen hafi spurt hann að því, hvar hann gæti fengið að sofa, en þetta muni ákærði Óskar ekki hafa heyrt. Tveir menn, Friðmar Sædal Markússon, Hverfisgötu 83 og Björgvin Bjarnason, Skólavörðuholti 132, báðir hér í bæ, sem staddir voru við Eimskipafélagshúsið í þetta skipti, slógust í hópinn, til að reyna að fá vín. Í sundi við einn af bröggum gaf Andersen þeim öllum að dreypa á vínflösku sinni, þeir héldu

siðan allir inn í einn af bröggunum, sem var opinn, en Björgvin og Friðmar hurfu þaðan strax út aftur og fóru leiðar sinnar.

Framburður ákærðu eru ósamhljóða um, hvað skeði síðan í bragganum. Ákærði Finnbogi hefur borið það, að þeir hafi fyrst neytt vins úr flösku Andersens, sem hafi lagzt á pall og sofnað brátt út úr ölvaður. Ákærði Óskar hafi nú stungið upp á því, að ákærðu leituðu eftir peningum í vösum Andersens. Kveðst ákærði Finnbogi hafa fallizt á það og farið að leita í buxnavösum Andersens. Hafi hann fundið buddu í öðrum vasanum, opnað hana og séð 4 hundrað krónu seðla og eitthvað af 10 króna seðlum í henni. Kveðst hann hafa tekið 3 hundrað króna seðla og 3—4 10 króna seðla úr buddinni, en ákærði Óskar hafi látið hana aftur í vasa Andersens.

Ákærði Óskar hefur eindregið neitað því að hafa stungið upp á því við ákærða Finnboga, að þeir leituðu að peningum í vösum Andersens. Hins vegar hafi hann orðið var við, að ákærði Finnbogi var eitthvað að gæta í buddu, sem hann var með í höndunum, og hafi hann þóttz vita, að ákærði Finnbogi hefði tekið hana af Andersen. Ákærði Óskar kveðst hafa spurt ákærða Finnboga að því, hvað hann væri að gera og skipað honum að fá sér budduna og það hafi hann gert. Kveðst ákærði Óskar hafa síðan stungið buddunni í vasa Andersens og hafi hann þá alls ekki vitað, að ákærði Finnbogi væri búinn að taka peningana úr henni.

Richard Gyldendahl Andersen hefur borið það, að hann hafi verið svo ölvaður, er hann fór burt af dansleiknum, að hann muni ekki hvað skeði næst þar á eftir. Hann kveðst þó muna eftir því, að hann var staddur í bragga einum og lá þar á einhverjum palli. Þarna inni hafi einnig verið tveir menn, ákærðu, sem talað hafi eitthvað saman og hafi annar þeirra eða þeir báðir verið að þreifa í vösum hans. Hann hafi síðan sofnað, en vaknað aftur um kl. 7 um morguninn. Saknaði hann þá peninga úr buddu í buxnavasa sínum og telur hann upphæðina, sem horfið hafi, nema 340 krónum.

Ákærðu héldu síðan út úr bragganum og keypti ákærði Finnbogi 2 flöskur af brennivíni fyrir 160—170 krónur af bifreiðarstjóra einum skammt frá bifreiðarstöðinni Hreyfli. Ákærði Finnbogi hefur borið það, að ákærðu hafi komið sér saman um að kaupa vinið fyrir peninga þá, sem þeir hafi tekið úr buddu Andersens, en ákærði Finnbogi geymdi. Ákærði Óskar hefur viðurkennt, að þegar ákærði Finnbogi tók upp peningana til að greiða með vinið, hafi hann verið sannfærður um eða að minnsta kosti ekki getað gengið út frá öðru en að ákærði Finnbogi hefði stolið peningunum úr buddu Andersens, því að ákærði Finnbogi hafi áður en þeir fóru inn í braggann, reynt árangurslaust að fá 25 króna lán hjá Andersen.

Ákærði Finnbogi afhenti Óskari aðra brennivinsflöskuna, en hélt hinni sjálfur. Þeir héldu síðan upp á Arnarhólstún og drukku þar úr flösku þeirri, sem ákærði Óskar hafði tekið við, en þaðan fóru þeir inn á veitingahúsið „Gullfoss“ í Hafnarstræti. Hafði ákærði

Finnbogi víNFLösku sína með sér inn í veitingahúsið og kveður hann að þeir hafi neytt vins úr flöskunni þar inni og keypt þar öl og vindlinga fyrir peninga Andersens. Lögreglumenn hafi tekið þá fasta inni á veitingahúsinu og farið með þá vestur á öskuhauga, hér í bæ, en skilið þá þar eftir. Ákærðu hafi síðan haldið fótgangandi aftur til bæjarins, en orðið viðskila á Ægisgötu. Á leiðinni í bæinn hafi þeir skipt jafnt með sér afganginum af peningum Andersens, og kveðst ákærði Finnbogi hafa eytt sínum hluta, 60--70 krónum, í eigin þarfir.

Ákærði Óskar kveðst hafa verið orðinn mjög ölvaður inni á „Gullfoss“ og hafi hann ekkert munað eftir sér fyrr en lögreglumenn voru að láta hann út úr bifreið hjá öskuhaugunum. Hann muni ekkert eftir því, hvort hann neytti vins inni á „Gullfoss“ eða að ákærðu keyptu þar öl og vindlinga og hafi hann ekki vitað neitt hvað varð um ákærða Finnboga eftir að þeir voru komnir þangað inn. Þá minnst hann þess ekki, að hann tæki við nokkrum peningum hjá ákærða Finnboga. Hann hafi síðan gengið til bæjarins og fengið lánaðan rakstur á rakarastofu og veitingar á veitingahúsi sökum peningaleysis.

Ákærði Finnbogi hefur með töku peninganna gerzt brotlegur gegn 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, með því að hafa með sér vin í veitingahús gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 164 2. október 1940 og með því að neyta áfengis í veitingahúsi brotið gegn 17. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Þykir refsing ákærða Finnboga, með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með tilliti til fyrri afbrotafæris hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða Óskars þykir varhugavert að telja, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að hann hafi gerzt brotlegur gegn 244. gr. hegningarlaganna, en hann hefur með háttsemi sinni brotið gegn 254. gr. hegningarlaganna. Þá hefur hann, með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri, gerzt brotlegur gegn 18., sbr. 38. gr. áfengislaganna. Þykir refsing ákærða Óskars, með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með tilliti til fyrri afbrotafæris hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu hafa setið í gæzluvarðhaldi frá 10. f. m., og þykir rétt, að gæzluvarðhaldsvistin komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Richard Gyldendahl Andersen hefur krafizt þess að ákærðu greiði honum in solidum fjárlhæð þá, sem upplýst er að tekin var frá hon-

um, þ. e. kr. 340.00, svo og kr. 100.00 fyrir ferðakostnað, óþægindi og fyrirhöfn við að þurfa að mæta hér í bænum út af málinu. Ákærði Finnbogi hefur fyrir sinn leyti samþykkt kröfur þessar, en ákærði Óskar hefur ekki fallizt á þær. Rétturinn litur svo á, að kröfurnar séu eftir atvikum sanngjarnar, og verða þær því teknar til greina, þó þannig, að ákærði Óskar verður aðeins dæmdur til að greiða helming verðs vinflasknanna tveggja, kr. 85.00, svo og helming upphæðar seinni kröfuliðsins, kr. 50.00, þ. e. samtals kr. 135.00 in solidum með ákærða Finnboga, en afganginn, kr. 305.00, greiði ákærði Finnbogi einn.

Ákærðu ber að dæma in solidum til að greiða allan kostnað sakarinnar, að því undanteknu, að ákærða Óskari ber einum að greiða kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu.

Meint brot annarra í sambandi við mál þetta verða afgreidd sérstaklega.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Finnbogi Guðmundsson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Óskar Lárusson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 10. júní 1947 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði Richard Gyldendahl Andersen in solidum kr. 135.00, en ákærði Finnbogi Guðmundsson einn kr. 305.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Óskar Lárusson greiði kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu, en annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.